

# Stjórnartíðindi

## 2005 - B-deild - B49-52

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

**B 49-52**

**Nr. 390-405**

**2005**

## Efnisyfirlit B 49–52 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
390	15. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Selbrekka, Egilsstöðum .....	657
391	15. apríl	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001- 2024, Urriðaholt, Garðabæ .	657-658
392	15. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Eyravegur .....	658
393	19. apríl	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi .....	658-659
394	20. apríl	Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík .....	660
395	22. apríl	Reglugerð um endurgreiðslu 80% olíugjalds af olfu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum .....	661-662
396	22. apríl	Reglugerð um úthafs-rækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar .....	663-664
397	22. apríl	Reglugerð um endurgreiðslu vegna kaupa á öikumælum .....	664-665
398	22. apríl	Reglugerð um endurgreiðslu olíugjalds til sendimanna erlendra ríkja .....	665-666
399	14. apríl	Auglýsing um deiliskipulag Hamrafells, Hjallabrekku, Hulduhóla og Láguhlíðar í Mosfellsbæ .....	667
400	15. apríl	Auglýsing um skrá Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	667-668
401	6. apríl	Reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga .....	668-676
402	8. apríl	Auglýsing um skrá Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	676-677
403	12. apríl	Auglýsing nýtt deiliskipulag miðbæjarsvæðis í Vestmannaeyjum .....	678
404	19. apríl	Samþykkt um gæludýrahald í Reykjavík .....	678-679
405	12. apríl	Gjaldskrá fyrir vottun til meðhöndlunar og framleiðslu á viði og viðarumbúðum til útflutnings og útgáfu heilbrigðisvottorða .....	679-680

# STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 2005

15. apríl 2005

657

Nr. 390

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Selbrekka, Egilsstöðum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. apríl 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði í Selbrekku stækkar til austurs og norðurs um 1,5 ha og verður 11,4 ha í stað 9,9 ha. Einnig er vegtenging inn á íbúðarsvæðið frá Norðfjarðarvegi felld út.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótaldalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 15. apríl 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

15. apríl 2004

Nr. 391

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Urriðaholt, Garðabæ.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. apríl 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, frá 20. desember 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Heildarfjöldi íbúða í Garðabæ austur (svæði 17a) árið 2024 verður 7.550 í stað 4.600.
- Heildarfjöldi íbúða í Garðabæ vestur (svæði 17b) árið 2024 verður 820 í stað 2.800.

- Heildarstærð atvinnuhúsnæðis í Garðabæ austur (svæði 17a) árið 2004 verður 429.000 m<sup>2</sup> í stað 359.000 m<sup>2</sup>.
- Heildarstærð atvinnuhúsnæðis í Garðabæ vestur (svæði 17b) árið 2004 verður 97.000 m<sup>2</sup> í stað 167.000 m<sup>2</sup>.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 15. apríl 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Eyravegur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. apríl 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015 frá 4. september 1996.

Breytingin felst í því að 1,8 ha svæði sem afmarkast af Eyravegi, Fossvegi, íbúðarsvæðinu Fosslandi og eignarmörkum sveitarfélagsins og Hagalands breytist úr blönduðu svæði verslunar- og þjónustu, þjónustustofnana og athafnasvæðis í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 15. apríl 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Höfðasels, Höfðaseli 2 – 4.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 8. mars 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í Höfðaseli á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að lóðir nr. 2 og 4 við Höfðasel eru báðar stækkaðar um 57 metra til suðvesturs og hluti lóðar Höfðasels 2 stækkar enn fremur um 4 metra við hluta aðliggj-

andi lóðarmarka Höfðasels 4. Stærð lóðar nr. 2 var 9.200 m<sup>2</sup> en verður 15.983 m<sup>2</sup> og er byggingarreitur á lóðinni fyrir skrifstofu- og starfsmannahús og framleiðslubyggingar. Nýtingarhlutfall verður 0,6. Lóð Höfðasels 4 stækkar úr 10.851 m<sup>2</sup> í 16.323 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall lóðar verður 0,6. Frárennslisskurður er færður um 40 m og út fyrir ný lóðarmörk beggja lóða.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 19. apríl 2005.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

**Þorvaldur Vestmann.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 2005

Nr. 394

660

20. apríl 2005

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

#### *Reitur 1.134.6, Holtsgötureitur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð, þann 17. febrúar 2005 deiliskipulag fyrir reit 1.134.6, sem afmarkast af Holtsgötu, Bræðraborgarstíg, Sólvallagötu og Vesturgötu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Fossaleytnir.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. desember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossaleytni, varðandi göngustíg á lóðar-mörkum Egilshallar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Borgartún 17 og 19.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. desember 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartún 17 og 19 vegna stækkunar húss-ins á lóðinni nr. 19 við Borgartún og sameiningar lóðanna nr. 17 og 19.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Vatnagarðar 4.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 6. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vatnagarða 4.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 20. apríl 2005.*

**Helga Bragadóttir.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 51 – 2005

22. apríl 2005

661

Nr. 395

## REGLUGERÐ

**um endurgreiðslu 80% olúgjalds af olíu  
vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum.**

*Gildissvið.*

1. gr.

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar skal endurgreiða þeim sem leyfi hafa til fólksflutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, 80% olúgjalds vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum.

*Blandaður akstur.*

2. gr.

Aðilar sem stunda blandaðan akstur, þ. e. falla undir 1. gr. en nota ökutæki sín jafnframt í öðrum akstri, þurfa að halda greinargerð yfir akstur ökutækja sem eru í blönduðum akstri. Í greinargerð þessari skal m.a. koma fram lengd áætlunarleiða, fjöldi ferða ökutækis á hverri áætlunarleið og heildarakstur utan áætlunarferða. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um form greinargerðar um blandaðan akstur.

*Endurgreiðslutímabil.*

3. gr.

Hvert endurgreiðslutímabil samkvæmt reglugerð þessari er einn mánuður.

*Endurgreiðslubeiðni.*

4. gr.

Aðilar sem eiga rétt á endurgreiðslu skv. 1. gr. skulu eigi síðar en 15. dag næsta mánaðar eftir lok endurgreiðslutímabils senda ríkisskattstjóra greinargerð um kaup á olíu á því endurgreiðslutímabili.

Sé aðili í blönduðum akstri, sbr. 2. gr., skal hann skila greinargerð um blandaðan akstur með endurgreiðslubeiðni sinni.

Greinargerð samkvæmt 1. mgr. skal vera á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Slíkt eyðublað getur verið á rafrænu formi. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um fyrirkomulag og meðferð greinargerða og rafræn skil.



*Afgreiðsla á umsóknum um endurgreiðslubeiðni.*

## 5. gr.

Ríkisskattstjóri afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

Ríkisskattstjóri skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og leiðréttta hana ef hún er í ósamræmi við reglugerð þessa eða önnur fyrirmæli skattyfirvalda. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu. Innheimtumaður annast endurgreiðslu.

Hafi beiðni um endurgreiðslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram fimmtánda dag annars mánaðar eftir lok endurgreiðslutímabils. Frestur þessi framlengist þó ef ríkisskattstjóri getur, vegna atvika sem rekja má til umsækjanda, ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim sem beiðnin byggist á.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt reglugerð þessari hafi verið of há skal ríkisskattstjóri þegar í stað tilkynna aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta vegna of hárrar endurgreiðslu fer samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu.

*Færslur í bókhald og ársreikning.*

## 6. gr.

Aðilar sem falla undir 1. gr. skulu halda í bókhaldi sínu skrá yfir akstur ökutækja. Jafnframt skulu þeir halda í bókhaldi sínu reikninga og skrár yfir olúkaup og olúnotkun og annað sem máli skiptir fyrir sönnun á réttmæti endurgreiðslunnar.

Vanræki aðili að skrá akstur eða færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. fellur niður réttur til endurgreiðslu fyrir tímabilið þegar bókhald eða skráning var ekki fullnægjandi.

Aðili sem fær endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar skal færa hana á sérstakan tekjureikning í bókhaldi sínu. Þá skal endurgreiðslan tilgreind annaðhvort sérstaklega í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum.

*Viðurlagaákvæði.*

## 7. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf í því skyni að fá endurgreiðslu á olúgjaldi samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 20. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl.

*Gildistaka.*

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., og öðlast gildi 1. júlí 2005.

*Fjármálaráðuneytinu, 22. apríl 2005.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Vala R. Þorsteinsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um úthafsrækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

#### 1. gr.

Skipum sem heimild hafa til veiða á úthafsrækju er heimilt að stunda veiðar á rækju utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með eftirfarandi takmörkunum:

1. Fyrir Suðurlandi eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði milli  $14^{\circ}30'V$  og  $23^{\circ}00'V$  allt árið.
2. Við Eldey eru rækjuveiðar bannaðar á svæði sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi  $245^{\circ}$  frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af  $23^{\circ}40'V$  og að norðan af  $64^{\circ}05'N$ .
3. Fyrir Vesturlandi austan  $25^{\circ}30'V$  milli  $64^{\circ}00'N$  og  $65^{\circ}30'N$  eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri. Þó er skipum með aflvísi 2500 eða lægri, heimilt að stunda veiðar á svæðinu.
4. a. Fyrir Norðurlandi á svæði milli  $21^{\circ}10'V$  og  $18^{\circ}00'V$  innan línu sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar allt árið öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri og skipum með aflvísi 2000 eða hærri.
- b. Fyrir Norðurlandi á svæði frá línu sem dregin er réttvísandi norður frá Horni að  $18^{\circ}00'V$  sunnan  $66^{\circ}40'N$  eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar, öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri á tímabilinu 15. júní til 15. september ár hvert. Þó er skipum með aflvísi 2000 eða lægri, heimilt að stunda veiðar sunnan línunnar, sbr. þó a-lið.
- c. Fyrir Norðurlandi á svæði milli  $18^{\circ}00'V$  og  $16^{\circ}00'V$  sunnan  $66^{\circ}40'N$  eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri á tímabilinu 15. júní til 15. september ár hvert. Þó er skipum með aflvísi 2000 og lægri, heimilt að stunda veiðar sunnan línunnar.

#### 2. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. eru rækjuveiðar á utanverðum Húnaflóa heimilar bátum sem eru 26 metrar að mestu lengd eða styttri og bátum með aflvísi 850 og lægri frá og með 15. mars til og með 15. október ár hvert, utan línu sem dregin er milli eftirgreindra staða: Selskers, Gjögurs, Kálfshamars, Rifsness og Ásbúðarrífs.

#### 3. gr.

Skylt er við rækjuveiðar á svæði sem skilgreint er í 1.-2. gr. að nota seiðaskilju við veiðarnar.

Seiðaskilja skal þannig gerð að bil milli rimla skal mest vera 22 mm. Skiljunni skal komið fyrir í belg vörpunnar með u.þ.b. 45-50 gráðu halla þannig að neðri kantur skiljunnar nái lengra fram. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur skilst út.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 26. apríl 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 304, 3. maí 1999, um úthafsækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. apríl 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

### um endurgreiðslu vegna kaupa á öikumælum.

## 1. gr.

Heimilt er, að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar, að endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa eða nauðsynlegrar endurnýjunar á öikumælum í bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín og eru á bilinu 4.000 kg til 9.999 kg að leyfðri heildarþyngd.

## 2. gr.

Endurgreiðsla öikumæla samkvæmt 1. gr. skal vera sem hér segir:

- a. Þeir sem keyptu mæla frá 18. júní 2004 til 31. október 2004 fá endurgreiddan 1/5 hluta.
- b. Þeir sem keyptu mæla frá 1. nóvember 2004 til 31. janúar 2005 fá endurgreidda 2/5 hluta.
- c. Þeir sem kaupa mæla frá 1. febrúar 2005 til 30. apríl 2005 fá endurgreidda 3/5 hluta.
- d. Þeir sem kaupa mæla frá 1. maí 2005 til 30. júní 2005 fá endurgreidda 4/5 hluta.

Endurgreiðsla skal að hámarki nema 6.000 kr. samkvæmt a-lið, 12.000 kr. skv. b-lið, 18.000 kr. skv. c-lið og 24.000 kr. skv. d-lið.

## 3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal beint til ríkisskattstjóra eigi síðar en 1. október 2005.

Umsókn skv. 1. mgr. skal vera á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Einungis skráður eigandi bifreiðar á rétt á endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

Ríkisskattstjóri skal rannsaka umsókn um endurgreiðslu og ganga úr skugga um að skilyrðum reglugerðar þessarar sé fullnægt. Ríkisskattstjóri skal að rannsókn lokinni tilkynna innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu sé skilyrðum reglugerðarinnar fullnægt. Innheimtumaður annast endurgreiðslu.

## 4. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal fylgja afrit fullnægjandi reiknings frá verkstæði sem ríkisskattstjóri hefur veitt heimild til að setja öikumæla í bifreiðar, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 308/1996, um öikumæla, verkstæði, álestraraðila og eftirlitsaðila þungaskatts.

## 5. gr.

Eigi skal endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa og ísetningar á ökuritum er notaðir eru sem þungaskattmælar. Ákvæði þetta tekur til ökurita þeirra ökutækja sem skylt er að nota ökurita samkvæmt reglugerð nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl., með síðari breytingum, í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahags-svæðisins.

Eigendur ökutækja sem skylt er að nota ökurita samkvæmt reglugerð nr. 136/1995 fá ekki endurgreiddan útlagðan kostnað vegna kaupa og ísetningar á öðrum ökumælum.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 22. apríl 2005.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Vala R. Þorsteinsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um endurgreiðslu olúgjalds til sendimanna erlendra ríkja.

## 1. gr.

Erlend sendiráð og sendierindrekar (diplomatic agents) skulu fá endurgreitt olúgjald af gas- og dísilolífu sem gjaldskyld er samkvæmt lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetra-gjald, vegna bifreiða í þeirra eigu.

## 2. gr.

Til þess að hljóta endurgreiðslu skv. 1. gr. verður bifreið að vera á sérstökum skráning-armerkjum fyrir ökutæki erlendra sendiráða og erlendra sendiráðsmanna, sbr. 25. gr. reglu-gerðar nr. 751/2003, um skráningu ökutækja, með síðari breytingum.

## 3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal beina til utanríkisráðuneytisins og fylgi umsókn frum-rit af þeim reikningum sem endurgreiðslubeiðni er byggð á. Eftir að utanríkisráðuneytið hefur gengið úr skugga um að í hlut eigi aðilar er undir reglurnar falla sendir það Ríkisendurskoðun endurgreiðslubeiðni ásamt þeim reikningum er umsókn fylgja. Að lokinni endurskoðun reikninga sendir Ríkisendurskoðun þá til viðkomandi sendiráðs með áritun um endurgreiðslu en sendir endurgreiðslubeiðni til ríkisfóhúðis til afgreiðslu.

Ekki verður um endurgreiðslu að ræða nema heildarfjárhæð reikninga á því tímabili sem endurgreitt er fyrir nemi a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti. Ríkisendurskoðun skal heim-ila endurgreiðslu innsendra reikninga vegna fastra mánaðarlegra reikningsviðskipta nái heild-arfjárhæð slíkra reikninga a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti.

Reikningar þeir sem endurgreiðslubeiðni er byggð á skulu vera greiddir. Til staðfestingar á greiðslu skal greiðslukvittun fylgja greiddum reikningum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 87/2004, um olfugjald og kílómetragjald, og öðlast gildi 1. júlí 2005.

*Fjármálaráðuneytinu, 22. apríl 2005.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Vala R. Þorsteinsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Hamrafells, Hjallabrekku, Hulduhóla og Láguhlíðar í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag Hamrafells, Hjallabrekku, Hulduhóla og Láguhlíðar í Mosfellsbæ á fundi sínum þann 10. nóvember 2004.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á svæðið komi til viðbótar 31 íbúð í einbýlishúsum og fimm íbúðum við endurbyggingu á núverandi húsi á landi Láguhlíðar.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 14. apríl 2005.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

## AUGLÝSING

### um skrá Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Á sjúkrahúsinu Vogu er starfrækt áfengis- og vímuefna meðferð. Þar er rúm fyrir 73 sjúklinga. Á meðferðarheimilunum Vík á Kjalarnesi og Staðarfelli í Dölum eru rúm fyrir 30 sjúklinga á hvorum stað. Sjúklingar á þessum stöðum verða ekki útskrifaðir tafarlaust. Ennfremur er nauðsynlegt að taka til meðferðar sjúka áfengis- og vímuefnaneytendur.

Í 2. gr. laga nr. 94/1986 er tekið sérstaklega fram að lög þessi nái einnig til starfsmanna sjálfseignarstofnana sem starfa í almannabágu skv. lögum og eru á fjárlögum.

Í 2. gr. laga nr. 94/1986 eru tilgreindir þeir sem ekki er heimilt að gera verkfall og í 3. – 4. og 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna segir að heimild til að gera verkfall nái eigi til þeirra er starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.

Í 2. mgr. 19. gr. er gert ráð fyrir að skrá yfir þá sem falla undir 3. – 4. og 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 sé birtur opinberlega.

Fer hér á eftir skrá yfir alla þá starfsmenn sem skv. öllu ofanrituðu er óheimilt að fara í verkfall:

**Sjúkrahúsið Vogur:**

*Læknar:* Alls 2,50 stöðugildi, læknar þessir gegna einnig störfum við meðferðarheimilin Vík og Staðarfell.

*Hjúkrunarforstjóri:* Alls 1,00 stöðugildi.

*Hjúkrunarfræðingar:* Alls 4,20 stöðugildi sem raðast þannig: 1 staða morgunvakt, 1 staða kvöldvakt og 1 staða næturvakt.

*Dagskrárstjóri:* Alls 1,00 stöðugildi.

*Ráðgjafar:* Alls 7 stöðugildi, þar af 1,00 staða á vakt frá kl. 20.00 – 04.00 daglega.

*Næturverðir:* Alls 2,00 stöðugildi.

*Eldhús:* Alls 1,00 stöðugildi yfirmatreiðslumanns.

**Meðferðarheimilið Vík, Kjalarnesi:**

*Dagskrárstjóri:* Alls 1,00 stöðugildi.

*Ráðgjafar:* Alls 2,00 stöðugildi á vöktum alla daga vikunnar.

**Meðferðarheimilið Staðarfell í Dölum:**

*Dagskrárstjóri:* Alls 1,00 stöðugildi.

*Ráðgjafar:* Alls 3,00 stöðugildi á vöktum alla daga vikunnar.

**Skrifstofa Síðumúla 3:**

*Framkvæmdastjóri:* Alls 1,00 stöðugildi.

*Launafulltrúi:* Alls 1,00 stöðugildi

Eldri auglýsing nr. 95, janúar 2005 fellur úr gildi.

*F.h. Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, 15. apríl 2005.*

**Ágúst Jónatansson.**

**REGLUGERÐ****um vatnsveitur sveitarfélaga.****I. KAFLI****Gildissvið og markmið.****1. gr.***Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um vatnsveitur í eigu sveitarfélaga. Einnig gilda ákvæði hennar eftir því sem við á um aðrar vatnsveitur sem starfa samkvæmt ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004.

**2. gr.***Markmið.*

Markmið með reglugerðinni eru að tryggja öryggi og auka sveigjanleika í rekstri vatnsveitna, stuðla að tæknilegum framförum og setja reglur um réttindi, skyldur og ábyrgð notenda annars vegar og þjónustu vatnsveitu við íbúa og atvinnulíf hins vegar.

## 3. gr.

*Orðskýringar.*

Merking eftirfarandi orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

- a. *Aðveituæð*: Vatnsæð sem liggur frá vatnsbóli að fyrstu tengingu við stofnæð.
- b. *Dreifiað*: Vatnsæð sem liggur frá stofnæð og ætlað er að flytja vatn um einstakar götur eða opin svæði.
- c. *Heimilisnotkun*: Notkun neysluvatns til venjulegra heimilisþarfa, þ.e. vatnsnotkun sem ekki er til atvinnustarfsemi eða sambærilegra nota.
- d. *Heimæð*: Vatnsæð sem liggur frá aðveituæð, stofnæð eða dreifiað til einstakra notenda.
- e. *Heimæðargjald*: Gjald sem felur í sér greiðslu fasteignareiganda til vatnsveitu fyrir lagningu einnar heimæðar og uppsetningu á stofnloka.
- f. *Inntaksrými*: Rými eða klefi þar sem stofnleiðslur tengjast húsi eins og kveðið er á um í byggingarreglugerð.
- g. *Ídráttarrör*: Hlíðarrör sem vatnsæð er dregin inn í.
- h. *Notkunargjald*: Gjald sem sveitarstjórn leggur á þá notendur vatns er kaupa vatn til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegrar heimilisnotkunar samkvæmt mældri notkun í rúmmetrum.
- i. *Rekstrareining*: Bókhaldslega aðskilinn starfsemisþáttur í veitufyrirtæki eða hjá sveitarfélagi, hvort sem um er að ræða fjárhagslega sjálfstæða einingu eða ekki.
- j. *Starfssvæði vatnsveitu*: Allt það landsvæði sem vatnsveita þjónar, óháð því hvort vatnsæðar veitunnar mynda sameiginlegt dreifikerfi.
- k. *Stjórn vatnsveitu*: Sá aðili sem ber ábyrgð á daglegri stjórn vatnsveitunnar, hvort sem um er að ræða sveitarstjórn, sérstaka stjórn vatnsveitu sem kjörin er skv. 4. gr., eða annan þann aðila sem fer með málefni vatnsveitu sbr. 7. eða 8. gr.
- l. *Stofnloki*: Sá hluti heimæðar sem vatnslagnir innanhúss eru tengdar við.
- m. *Stofnæð*: Vatnsæð sem liggur frá aðveituæð út í einstaka hluta dreifikerfis.
- n. *Tengiloki*: Loki sem settur er á enda heimæðar við lóðarmörk.
- o. *Vatnsgjald*: Gjald sem sveitarstjórn leggur á eigendur fasteigna er geta notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélagsins í samræmi við 6. gr. laga nr. 32/2004, með síðari breytingum, og ætlað er ásamt öðrum tekjum að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.
- p. *Vatnsæð*: Samheiti yfir heimæð, dreifiað, stofnæð og aðveituæð.
- q. *Veitusvæði*: Sá hluti starfssvæðis vatnsveitu sem stjórn vatnsveitu hefur ákveðið að setja sérstaka gjaldskrá fyrir. Veitusvæði getur verið heilt sveitarfélag eða svæði sem þjónað er af tilteknu vatnsbóli eða stofnæð.

## II. KAFLI

**Stjórn og rekstrarform vatnsveitu.**

## 4. gr.

*Stjórn vatnsveitu.*

Sveitarstjórn getur kosið sérstaka stjórn til að hafa umsjón með framkvæmd vatnsveitumála sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar og skal hún þá kjörin á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Kjörtímabilið skal vera hið sama og sveitarstjórnar nema sveitarstjórn ákveði annað. Sveitarstjórn skal ákveða fjölda stjórnarmanna. Um fundarsköp gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, svo og ákvæði í samþykkt um stjórn og fundarsköp hlutaðeigandi sveitarfélags. Sveitarstjórn skipar formann stjórnar nema samþykktir sveitarstjórnar kveði á um annað.

Þar sem ekki hefur verið kosin stjórn vatnsveitu fer sveitarstjórn eða nefnd samkvæmt



samþykkt sveitarfélags með þau verkefni sem stjórn vatnsveitu eru falin samkvæmt reglugerð þessari.

Sveitarstjórn skal fylgjast reglubundið með því að þjónusta vatnsveitu við íbúa sé í samræmi við það sem lög eða samningar kveða á um.

#### 5. gr.

##### *Hlutverk stjórnar.*

Helstu verkefni stjórnar vatnsveitu eru þessi:

- a. Að ákveða framkvæmd vatnsveitumála á starfssvæði vatnsveitunnar í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar og ákvæði laga, þar á meðal að hafa yfirumsjón með uppbyggingu og viðhaldi veitunnar, virkjun vatnsbóla, lagningu vatnsæða, þ.e. aðalæða, stofnæða, dreifiæða og heimæða, og byggingu annarra mannvirkja sem nauðsynleg kunna að vera til reksturs veitunnar, svo sem dælustöðva og miðlunargeyma.
- b. Að semja gjaldskrá vatnsveitunnar, sbr. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004, og auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni.
- c. Að annast eftirlit með rekstri vatnsveitu í umboði sveitarstjórnar og marka stefnu um þjónustu hennar með því að setja nánari reglur um einstök framkvæmdaratriði eftir því sem þörf gerist.
- d. Að fjalla um drög að fjárhagsáætlun fyrir vatnsveituna og leggja fyrir sveitarstjórn.

#### 6. gr.

##### *Vatnsveitustjóri.*

Sveitarstjórn getur ráðið vatnsveitustjóra að fengnum tillögum stjórnar vatnsveitunnar. Gera skal sérstakan ráðningarsamning við vatnsveitustjóra. Vatnsveitustjóri annast daglegan rekstur vatnsveitunnar í umboði stjórnar vatnsveitunnar. Stjórn vatnsveitunnar skal setja honum erindisbréf, í samráði við sveitarstjórn, þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans. Vatnsveitustjóri skal sitja fundi stjórnar vatnsveitunnar með málfrelsi og tillögurétt.

#### 7. gr.

##### *Samvinna sveitarfélaga.*

Þegar sveitarfélög hafa samvinnu sín á milli um stofnun og rekstur vatnsveitu skal gerður um það skriflegur samningur eða samþykkt sem hljóta skal staðfestingu hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Í stofnsamningi, sbr. 1. mgr., skal meðal annars kveða á um rekstrarform, stjórn og kjör fulltrúa, fjölda þeirra, kjörtímabil, fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum veitunnar og hvaða ákvarðanir stjórnar þarfnist staðfestingu eigenda veitunnar.

#### 8. gr.

##### *Framsal einkaréttar.*

Sveitarfélag hefur einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns sem hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins, að því leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í lögum. Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða fyrirtæki, sem er að meiri hluta í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt þessari reglugerð.

Við ráðstöfun skv. 1. mgr. skal, eftir því sem við á, kveðið á um eignarrétt á stofnkerfi vatnsveitu, verð til notenda veitunnar, innlausnarrétt sveitarfélagsins á stofnkerfi og fastafjármunum vatnsveitunnar í samningi aðila auk annarra atriða sem sveitarstjórn telur nauðsynleg.

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi aðila skal innlausnarverð stofnkerfis og fastafjármuna skv. 2. mgr. miðast við afskrifað endurstofnverð þessara eigna. Ef ágreiningur

verður um verð skera dómkvaddir matsmenn úr nema samningsaðilar verði ásáttir um að leysa ágreininginn á annan hátt.

### III. KAFLI

#### **Fjármál og reikningsskil.**

##### 9. gr.

##### *Bókhald og reikningsskil.*

Vatnsveitur skulu haga bókhaldi og reikningshaldi sínu á skýran og aðgengilegan hátt. Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í reglugerð þessari eða sérlögum gilda ákvæði laga um bókhald, nr. 145/1994, laga um ársreikninga, nr. 144/1994, og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur.

Í bókhaldi skal lögð áhersla á að leiða fram beinan rekstrarkostnað og tekjur einstakra rekstrareininga á reikningsárinu. Gera skal reikninga fyrir hlutdeild í beinum rekstrarkostnaði svo og vöru og þjónustu, sem einstakar rekstrareiningar fá frá öðrum rekstrareiningum. Reikningar þessir skulu ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði vegna viðkomandi rekstrarþáttar og skulu þeir færðir í bókhaldi viðkomandi rekstrareiningar með reglubundnum hætti innan reikningsársins.

Sameiginlegur rekstrarkostnaður, þ.e. kostnaður sem ekki telst til beins rekstrarkostnaðar einstakra rekstrareininga, skal færður á sérstakan málaflokk í bókhaldi vatnsveitu. Til frádráttar á sama málaflokk skal færa reikninga sem gerðir eru vegna hlutdeildar rekstrareininga með sjálfstætt reikningshald í sameiginlegum rekstrarkostnaði. Reikningar þessir skulu ekki vera hærri en sem nemur kostnaðarverði og skulu þeir færðir í bókhaldi viðkomandi rekstrareiningar með reglubundnum hætti innan reikningsársins.

##### 10. gr.

##### *Langtímaáætlun.*

Stjórn vatnsveitu skal samþykkja langtímaáætlun fyrir veituna þar sem meðal annars er gerð grein fyrir áformum um framkvæmdir á hverju gjaldskrársvæði veitunnar á næstu fimm árum hið skemmsta. Langtímaáætlun skal gefa glögga mynd af áformum um rekstur, framkvæmdir og efnahag og gilda sem rammi við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar, stefnumörkun, ákvörðun gjaldskrár og stjórnun vatnsveitunnar.

Langtímaáætlun skal uppfærð árlega.

### IV. KAFLI

#### **Gjaldskrá vatnsveitu.**

##### 11. gr.

##### *Gjaldskrá.*

Stjórn vatnsveitu skal semja gjaldskrá þar sem meðal annars komi fram fjárhæð þeirra gjalda sem heimilt er að innheimta samkvæmt þessum kafla, svo og gjalddagar þeirra. Heimilt er að binda gjöld þessi, önnur en vatnsgjald sem ákveðið er sem hlutfall af fasteignamati, við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Miða skal við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu af sölu vatns standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

Stjórn vatnsveitu auglýsir gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar á starfssvæði veitunnar.

Heimilt er að skipta starfssvæði vatnsveitu í veitusvæði og setja sérstaka gjaldskrá fyrir hvert veitusvæði. Nýti stjórn vatnsveitu sér þessa heimild skal hún jafnframt gæta þess að rekstri einstakra veitusvæða sé haldið aðskildum í bókhaldi vatnsveitunnar.

## 12. gr.

*Vatnsgjald.*

Heimilt er að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatns geta notið og má gjaldið nema allt að 0,5 hundraðshlutum af fasteignamati. Liggi matsverð fasteignar ekki fyrir við álagningu vatnsgjalds en fasteign getur þó notið vatns frá vatnsveitu, er heimilt að ákveða upphæð vatnsgjalds með hliðsjón af áætluðu fasteignamati eignarinnar fullfrágenginnar og ber þá að taka mið af fasteignamati sambærilegra fasteigna í sveitarfélaginu.

Í stað þess að miða við fasteignamat, sbr. 1. mgr., er heimilt að miða vatnsgjaldið við fast gjald auk álags vegna annars eða beggja af eftirfarandi:

- a. Stærðar fasteignar samkvæmt flatarmáli og/eða rúmmáli.
- b. Notkunar samkvæmt mæli.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er heimilt að ákveða í gjaldskrá hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna. Álagning samkvæmt málsgrein þessari má þó aldrei vera hærri en segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Greiða ber fullt vatnsgjald þótt lokað sé fyrir vatn skv. 28. grein reglugerðar þessarar.

Heimilt er að innheimta vatnsgjald með fasteignaskatti. Skulu þá gjalddagar vatnsgjalds vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

## 13. gr.

*Notkunargjald.*

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa er vatnsveitu heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald er miðast við notkun mældra í rúmmetrum. Notkunargjald skal að jafnaði innheimta eftir á samkvæmt mældri notkun en verði því eigi við komið ákveður stjórn vatnsveitu gjaldið samkvæmt áætlaðri notkun.

## 14. gr.

*Vatnsmælar.*

Vatnsveita lætur þeim er greiða skulu notkunargjald eða vatnsgjald samkvæmt mældri notkun í té löggilta vatnsmæla. Vatnslagnir innanhúss eiga jafnan að vera þannig lagðar að unnt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhússkerfi. Verði vatnsmæli eigi komið fyrir án breytinga á vatnslögn er fasteignareiganda skylt að láta breyta lögninni á eigin kostnað.

Vatnsveita er eigandi mælisins og ákveður stærð hans og gerð í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Sá er notar vatn samkvæmt mæli skal greiða árlegt leigugjald fyrir mælinn. Kveðið skal á um upphæð gjaldsins í gjaldskrá. Vatnsveita annast og kostar eðlilegt viðhald vatnsmælis, en allar skemmdir af mannavöldum og frosti ber notanda að bæta.

Fasteignareiganda ber að tilkynna vatnsveitu tafarlaust um bilanir eða skemmdir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

## 15. gr.

*Heimæðargjald.*

Til þess að standa straum af kostnaði vatnsveitu við lagningu heimæðar frá dreifiæð í stofnloka húss og uppsetningu hans skal fasteignareigandi greiða heimæðargjald fyrir lagningu einnar heimæðar. Fjárhæð heimæðargjalds skal ákveða í gjaldskrá og skal gjaldið miðað við meðalkostnað við lagningu heimæða í sveitarfélaginu, að teknu tilliti til gerðar, stærðar og lengdar heimæðarinnar. Þurfi að gera breytingar á heimæð vegna framkvæmda á vegum fasteignareiganda skal hann kosta þær.

Gjalddagi heimæðargjalds skal ákveðinn í gjaldskrá, sbr. 11. gr. reglugerðar þessarar, en gjaldið getur þó fyrst fallið í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

16. gr.

*Vatnssala í höfnum.*

Endurgjald hafnarsjóðs til vatnsveitu fyrir vatnssölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar skal miðast við mælda notkun í rúmmetrum samkvæmt gjaldskrá. Verð fyrir hvern rúmmetra vatns, sem seldur er til skipa og báta skal ákveðið í gjaldskrá hafnarinnar. Heimilt er að áætla vatnsnotkun ef ekki er unnt að mæla hana.

17. gr.

*Sala vatns til annarra vatnsveitna.*

Selji vatnsveita annarri vatnsveitu vatn skal endurgjald fyrir vatnið ákveðið með samkomulagi aðila eða mati dómkvaddra matsmanna, náist ekki samkomulag. Við mat skal þess gætt að endurgjaldið verði aldrei minna en sannanlegur kostnaður vatnsveitunnar af vatnsöflun og dreifingu vegna vatnssölnunnar, ásamt allt að 5% álagi.

18. gr.

*Vatnssölusamningar.*

Heimilt er að binda vatnssölu til fyrirtækja sem nota óvenju mikið vatn í tengslum við starfsemi sína eða nota vatn til sérstakrar framleiðslu því skilyrði að gerður verði sérstakur vatnssölusamningur er taki meðal annars mið af kostnaði vatnsveitunnar ef gera þarf sérstakar ráðstafanir til að tryggja vatnsþrýsting eða leggja þarf sérstaka vatnsæð til notanda.

## V. KAFLI

### **Lagning veitukerfis, viðhald o.fl.**

19. gr.

*Heimæðar í einkaeigu.*

Heimæðar í einkaeigu sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 verða eign vatnsveitu í framhaldi af endurnýjun vatnsveitunnar á þeim, þ.e. þegar vatnsveita stendur straum af kostnaði við endurnýjunina.

Vatnsveitu er skylt að yfirtaka heimæð að fenginni skriflegri beiðni eiganda.

20. gr.

*Staðlar o.fl.*

Um gerð og lagningu veitukerfa vatnsveitu gilda ákvæði íslensks staðals, eftir því sem við getur átt, en norrænir staðlar og ISO staðlar skulu vera leiðbeinandi að öðru leyti.

Um vatnsból, starfsleyfi vatnsveitna, innra eftirlit og vatnsgæði gilda eftir því sem við á ákvæði reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit.

21. gr.

*Ábyrgð á framkvæmdum.*

Þeir pípulagningameistarar einir mega hafa umsjón með og bera ábyrgð á framkvæmdum við lagningu vatnsæða innanhúss og viðhald þeirra, sem til þess hafa fengið lög-gildinguna eða hlotið staðbundna viðurkenningu byggingarnefndar, sbr. byggingarreglugerð, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum sem sett eru í lögum og reglugerðum. Lagning vatnsæða utan húss skal vera í höndum þeirra sem að dómi vatnsveitu hafa þekkingu og reynslu til verksins.

## 22. gr.

*Lagning heimæðar.*

Lóðarhafi við veg eða opið svæði þar sem dreifiæð liggur á rétt á að fá eina heimæð lagða frá vatnsveitulögn. Óski hann eftir að fá fleiri en eina heimæð af hagkvæmnisástæðum inn á lóðina skal hann hlíta þeim reglum um tæknileg atriði sem vatnsveita setur og skal sú heimæð kostuð af lóðarhafa og teljast hans einkaeign nema sérstakt samkomulag hafi verið gert um annað við vatnsveitu.

Sá, sem óskar eftir því að tengjast vatnsveitu eða að breytingar verði gerðar á heimæð vegna framkvæmda á hans vegum, skal sækja um það til vatnsveitu. Umsókn skal undirrituð af eiganda eða fullgildum umboðsmanni hans. Lega heimæðar frá lóðarmörkum skal koma fram á afstöðumynd sem fylgja skal umsókn. Enn fremur skal gera grein fyrir fyrirhugaðri stærð heimæðar og vatnsnotum.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða opið svæði þar sem óskað er eftir vatnsnotkun getur stjórn vatnsveitu sett það sem skilyrði fyrir lögn vatnsæðar að húseigandi/notandi taki þátt í kostnaði við lögnina.

## 23. gr.

*Tenging heimæðar.*

Tenging vatnslagna við vatnsveitukerfi skal gerð í samræmi við tengiskilmála viðkomandi veitu.

Við hönnun húsa skal gera ráð fyrir og staðsetja á uppdrætti, sem lagður er fyrir byggingarnefnd, rými fyrir stofnloka heimæðar í samráði við byggingaryfirvöld sveitarfélags. Inntaksrými stofnloka skal uppfylla skilyrði byggingarreglugerðar, vera upphitað og aðgengilegt starfsmönnum vatnsveitunnar. Vatnsinntak skal að jafnaði vera á þeirri hlið húss sem snýr að vatnslögn þeirri sem leggja á heimæð frá nema vatnsveita samþykki annars konar fyrirkomulag.

Við ákvörðun heimæðargjalds, sbr. 15. gr., skal gera ráð fyrir að ídráttarrör sé fyrir hendi fyrir grennri heimæðar. Við nýbyggingu húss leggur vatnsveita hluta heimæðar frá dreifiæð inn fyrir lóðarmörk og setur þar tengiloka sem fasteignareiganda er heimilt í samvinnu við vatnsveitu að nota meðan á byggingu hússins stendur. Frá þessum tengiloka ber fasteignareiganda að leggja á frostfríu dýpi ídráttarrör að inntaksstað heimæðar samkvæmt samþykktri afstöðumynd. Til að unnt verði að ganga frá tengingu heimæðar við stofnloka húss skal skilja eftir holu við báða enda ídráttarrörs/heimæðar

Sé heimæð lögð inn í hús á þeim árstíma þegar frosthætta getur verið fyrir hendi getur vatnsveita krafist þess að fasteignareigandi komi hita á inntaksrými stofnloka.

Óheimilt er að hylja vatnslagnir áður en gerð hefur verið úttekt á þeim á vegum vatnsveitu.

## 24. gr.

*Vatnsþrýstingur.*

Vatnsveitu er skylt að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið. Ef þannig stendur á að dreifiæðar geta ekki séð fyrir því vatnsmagni, sem nauðsynlegt telst vegna vatnsúðakerfis eða sambærilegs búnaðar og brunamálayfirvöld gera kröfu til að sé fyrir hendi, getur stjórn vatnsveitu krafist þess að húseigandi komi fyrir vatnsmiðlunarageymi í húsínu eða öðrum viðeigandi búnaði. Dælur eða önnur tæki sem geta valdið óeðlilegri notkun vatns eða truflun í veitukerfi vatnsveitu má ekki tengja við heimæð nema að fengnu leyfi vatnsveitu.

Réttur til að tengjast vatnsveitu skuldbindur ekki vatnsveitu til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæðum sé ávallt nægilegur. Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar þar sem

eigandi óskar eftir vatnsnotkun eða þær vatnsæðar sem fyrir eru geta ekki séð atvinnufyrirtæki eða öðrum fyrir nægilegu vatni getur stjórn vatnsveitu sett það skilyrði fyrir lagningu vatnsæða að fyrir fram ákveðinn hluti kostnaðar við lagningu þeirra skuli endurgreiddur af eiganda fasteignarinnar. Sama gildir ef nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsmagn eða vatnsþrýsting til hennar.

## 25. gr.

*Vatnslagnir innanhúss.*

Húseigandi á allar vatnslagnir innanhúss fyrir innan stofnloka og er skylt að halda þeim og vatnstækjum hússins vel við. Vatnsveitu er þó heimilt að setja upp nauðsynlegan búnað við stofnloka, svo sem síu, tengibút vegna uppsetningar rennislismælis og einstreymisloka.

Verði notandi uppvís að óhóflegri vatnsnotkun eða hann vanrækir viðhald á vatnslögnum og vatnstækjum innanhúss þannig að veldur sóun vatns getur vatnsveita krafist þess að úr því verði bætt. Verði eigandi ekki við kröfu um úrbætur getur stjórn vatnsveitu stöðvað sölu á vatni, sbr. 29. gr., eða krafist þess að notandi greiði gjald samkvæmt mæli fyrir notkun sem er umfram venjuleg heimilisnot.

Vatnsveita getur krafist þess að fyrirtæki sem nota mikið vatn afli sér sparneytnari véla eða setji upp geyma til söfnunar vatns að næturlagi.

## 26. gr.

*Eftirlit og viðhald heimæða.*

Starfsmenn vatnsveitu skulu, eftir því sem nauðsyn krefur og að höfðu samráði við húseigendur, hafa aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss til eftirlits. Húseigendum ber að gefa þeim upplýsingar um vatnslagnir og vatnsnotkun eftir því sem unnt er. Enn fremur skulu starfsmenn vatnsveitunnar hafa frjálsan aðgang að heimæð til viðhalds og eftirlits. Hið sama gildir um lönd þar sem vatnsæðar liggja.

Við lagningu heimæðar og viðhald hennar skulu starfsmenn vatnsveitunnar halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um. Sé nauðsynlegt vegna bilunar eða endurnýjunar á heimæð að grafa upp heimæðina er starfsmönnum vatnsveitu það heimilt, en að verki loknu skulu þeir færa lóð til fyrra horfs eins og unnt er. Starfsmönnum vatnsveitu er heimilt vegna endurnýjunar heimæðar að leggja hana á öðrum stað frá dreifiað í hús, telji þeir það heppilegra til að forðast skemmdir. Enn fremur er starfsmönnum heimilt, að höfðu samráði við húseiganda, að fara með heimæð inn í hús á öðrum stað ef ekki er unnt að nota þann stað sem fyrir er nema valda miklu eða óbætanlegu tjóni. Hafi húseigandi gróðursett trjáplöntur, steipt vegg eða stæði yfir heimæð eða lagt yfir hana snjóbræðslukerfi ber vatnsveita ekki ábyrgð á því tjóni sem kann að verða vegna nauðsynlegra aðgerða vatnsveitu nema tjónið verði rakið til gáleysis starfsmanna vatnsveitu.

Eigandi fasteignar á ekki kröfu á sérstakri greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar eða viðhalds heimæðar.

## 27. gr.

*Brunahanar.*

Vatnsveita skal koma fyrir brunahönum og annast viðhald þeirra og eftirlit í samráði við slökkviliðsstjóra.

Óheimilt er öðrum en slökkviliði og starfsmönnum vatnsveitunnar við störf þeirra að opna brunahana nema með sérstöku leyfi vatnsveitu.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitu heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í eigu vatnsveitu eða einkaeign.

VI. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**

28. gr.

*Viðgerðir á veitukerfi.*

Ef nauðsyn krefur, vegna viðgerða á dælustöðvum, vatnsgeymum, vatnsæðum og öðrum lögnum veitukerfis vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum, getur vatnsveitan fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, takmarkað vatnsrennsli eða lokað fyrir vatn, eftir því sem þörf krefur hverju sinni, enda tilkynni vatnsveitan fyrirfram um slíkar takmarkanir ef unnt er.

Vatnsveita ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni er leiða kann af rekstrartruflunum sem verða vegna vinnu við veitukerfi vatnsveitunnar, rafmagnstruflana eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum nema tjónið verði rakið til gáleysis starfsmanna veitunnar.

29. gr.

*Innheimta o.fl.*

Vatnsgjald og heimæðargjald ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði eru tryggð með lögveðsrétti í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Ef hús brennur eftir að vatnsgjald eða heimæðargjald fellur í gjalddaga er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð eignarinnar.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja greiðslu notkunargjalds og gjald fyrir mælaleigu, að undangenginni skriflegri aðvörun. Notkunargjald og gjald fyrir mælaleigu má taka fjárnámi.

Heimilt er að stöðva vatnssölu til allra þeirra er vanrækja viðhald vatnslagna innanhúss, eru staðnir að sóun vatns eða brjóta gegn ákvæðum reglugerðar þessarar.

30. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 11. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 421/1992, með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytinu, 6. apríl 2005.*

**Árni Magnússon.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

**um skrá Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986  
 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

*Skrá yfir þá sem falla undir 5. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986:*

Hafnarvörður	1 stöðugildi
Forstöðumaður Sambýlis Fellstúni	1 stöðugildi
Starfsmenn Sambýlis Fellstúni	7 stöðugildi
Deildarstjóri Sambýlis Jöklatúni	1 stöðugildi

Starfsmenn Sambýlis Jöklatúni	2,4 stöðugildi
Forstöðumaður Iðju	1 stöðugildi
Starfsmenn Iðju	3,2 stöðugildi
Deildarstjóri málefna fatlaðra	1 stöðugildi
Starfsmenn í frekari liðveisla Freyjugötu 18	0,8 stöðugildi
Þroskapjálfi Freyjugötu 18 og sjálfstæðrar búsetu	1 stöðugildi
Dagvist aldraðra	2,5 stöðugildi
Forstöðumaður skammtímavistunar	0,5 stöðugildi
Starfsmenn skammtímavistunar	3 stöðugildi
Slökkviliðsstjóri	1 stöðugildi
Sjúkraflutningar	2 stöðugildi
Bílstjóri þjónustubíls fatlaðra	1 stöðugildi

*Skrá yfir þá sem falla undir 6. – 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:*

Sveitarstjóri	1 stöðugildi
Sviðsstjóri fjármálasviðs	1 stöðugildi
Sviðsstjóri Eignasjóðs	1 stöðugildi
Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs	1 stöðugildi
Sviðsstjóri fjölskyldu- og þjónustusviðs	1 stöðugildi
Sviðsstjóri markaðs- og þróunarsviðs	1 stöðugildi
Skipulags- og byggingarfulltrúi	1 stöðugildi
Fræðslu- og íþróttafulltrúi	1 stöðugildi
Starfsmenn launadeildar	1,5 stöðugildi
Veitustjóri Skagafjarðarveitna ehf	1 stöðugildi
Forstöðumaður íþróttahúss Sauðárkróks	1 stöðugildi
Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar Varmahlíðar	1 stöðugildi
Forstöðumaður sundlaugar Sauðárkróks	1 stöðugildi
Forstöðumaður Fræðaseturs Skagfirðinga	1 stöðugildi
Forstöðumaður Byggðasafns Skagfirðinga	1 stöðugildi
Skólastjórar grunnskóla	4 stöðugildi
Aðstoðarskólastjórar grunnskóla	2 stöðugildi
Forstöðumaður Árvistar	1 stöðugildi
Skólastjórar leikskóla	4 stöðugildi
Yfirverkstjóri þjónustumiðstöðvar	1 stöðugildi

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 130/2005 og öðlast þegar gildi.

*Sauðárkróki, 8. apríl 2005.*

**Ársæll Guðmundsson** sveitarstjóri.



## AUGLÝSING

### nýtt deiliskipulag miðbæjarsvæðis í Vestmannaeyjum.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 4. feb. 2005 tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir miðbæjarsvæði Vestmannaeyja.

Uppdrættir og greinargerð skipulagstillögunnar hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Skipulagstofnun hefur yfirfarið framsend gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins.

Framangreint deiliskipulag tekur þegar gildi.

*Vestmannaeyjum, 12. apríl 2005.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja,

**Sigurður Smári Benónýsson.**

## SAMÞYKKT

### um gæludýrahald í Reykjavík.

#### 1. gr.

Gæludýrahald í Reykjavík sætir takmörkunum samkvæmt samþykkt þessari.

Samkvæmt lögum um dýravernd nr. 15/1994 fer Umhverfisstofnun fer með mál er varða dýravernd.

Gæludýr er hvert það lifandi dýr sem haldið er til afþreyingar.

Um búfé gilda ákvæði samþykktar um takmörkun búfjárhalds og bann við lausagöngu búfjár í Reykjavík nr. 426/2003. Um hestahald gilda jafnframt ákvæði samþykktar um hesthús og hesthúshverfi í Reykjavík nr. 847/1999. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. samþykktar um takmörkun búfjárhalds og bann við lausagöngu búfjár í Reykjavík nr. 426/2003, má halda kanínur sem gæludýr utan skilgreindra landbúnaðarsvæða.

Um hundahald gildir samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 52/2002 og um kattahald gildir samþykkt um kattahald í Reykjavík.

#### 2. gr.

##### *Stjórnsýsla.*

Umhverfissviði Reykjavíkurborgar ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Öllum ákvörðunum sem umhverfissvið tekur á grundvelli samþykktar þessarar má skjóta til heilbrigðisnefndar til úrskurðar. Málskotsrétt eiga þeir sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta vegna þeirrar ákvörðunar og aðgerða sem um ræðir.

#### 3. gr.

##### *Ónæði, óhollusta og óþrif.*

Eigendur gæludýra skulu gæta þess að dýr þeirra valdi ekki hávaða, ónæði, óhollustu, sjúkdómum hvort sem er í mönnum eða dýrum eða óþrifnaði.

## 4. gr.

*Óheimilir staðir.*

Ekki má hleypta gæludýrum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Með undanþágur frá ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 fer samkvæmt 74. gr. reglugerðarinnar.

## 5. gr.

*Bann við gæludýrahald, handsömun gæludýra.*

Brjótí gæludýrahald gegn ákvæðum samþykktar þessarar getur umhverfissvið Reykjavíkurborgar bannað viðkomandi gæludýrahald. Er þá umhverfissviði heimilt að handsama viðkomandi dýr og flytja í dýrageymslu.

Sé einsýnt að gæludýrahald samræmist ekki ákvæðum samþykktar þessarar skal gæludýri sem handsamað er skv. 1. mgr. ráðstafað til nýs eiganda, það selt fyrir áföllnum kostnaði eða aflífað eftir sjö sólarhringa enda er ekki hægt að hafa upp á eiganda.

## 6. gr.

*Lögregluástoð.*

Umhverfissvið getur ef þörf krefur leitað atbeina lögreglu við að framfylgja samþykkt þessari og ákvörðunum teknum á grundvelli hennar.

## 7. gr.

*Refsiviðurlög.*

Um brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 8. gr.

*Lagagrundvöllur.*

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 19. apríl 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

**fyrir vottun til meðhöndlunar og framleiðslu á viði og viðarumbúðum til útflutnings og útgáfu heilbrigðisvottorða.**

## 1. gr.

Skylt er að sækja um vottun til að hita viðarumbúðir s.s. vörubretti og trékassa eða trjávið í slíkar umbúðir, eða til framleiðslu á viðarumbúðum úr forhituðum viði og sem nota á við útflutning á ýmsum vörum sbr. reglugerð landbúnaðarráðuneytisins, nr. 343/2004, um viðarumbúðir við útflutning á vörum ásamt breytingu með reglugerð nr. 264/2005.

Fyrirtæki sem óska eftir að hljóta vottun til hitunar á viði eða viðarumbúðum eða framleiðslu umbúða úr forhituðum viði, skulu sækja um það til plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands.

2. gr.

Fyrir fyrstu vottun á meðhöndlun og framleiðslu á viði og viðarumbúðum til útflutnings, skulu greiðast kr. 25.000 til plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands.

3. gr.

Fyrir hvert heilbrigðisvottorð sem plöntueftirlitið gefur út vegna útflutnings á plöntum og plöntuafurðum frá Íslandi, m.a. með viðarumbúðum, skulu greiðast kr. 3.500.

Plöntueftirlitið getur gefið afslátt af verðinu, séu fleiri vottorð gefin út samtímis með svipuðum upplýsingum.

4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sker úr ágreiningi um gjaldskyldu skv. gjaldskrá þessari.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 12. apríl 2005.*

F. h. r.

**Níels Árni Lund.**

*Atli Már Ingólfsson.*



